

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 290/2023****2024/EES/42/44****frá 27. október 2023****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1020 frá 24. maí 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar neyðarsjúkraflug með þyrllu ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1020 fellir úr gildi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 768/2006 ⁽²⁾ og (EB) nr. 351/2008 ⁽³⁾ sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XIII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012):

„— **32023 R 1020:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1020 frá 24. maí 2023 (Stjtið. ESB L 137, 25.5.2023, bls. 1).“

2. Texti liðar 66ra (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 768/2006) og 66rb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 351/2008) fellur brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1020, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2023 frá 28. apríl 2023 ⁽⁴⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 137, 25.5.2023, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 7.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2294, 9.11.2023 og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 67.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður